

Ed.

181. Frumvarp

til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi.

(Eins og það var samþykkt við eina umr. í Nd.).

1. gr.

Þangað til annari skipan verður komið á skattamál landsins, skal greiða aðflutningsgjald sem hér segir:

1. Af alls konar öli kr. 0,10 af hverjum potti.
2. Af alls konar brennivini, rommi, kognaki, whisky, arraki og sams konar drykkjarföngum með 8^o styrkleika eða minna — 1,00 — — —
yfir 8^o og alt að 12^o styrkleika — 1,50 — — —
yfir 12^o og alt að 16^o styrkleika — 2,00 — — —
Af 16^o vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar, og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, skal ekkert gjald greiða.
3. Af rauðvini og sams konar borðvínnum hvítum (eigi freyðandi) svo og af messuvini — 0,50 — — —
4. Af öllum öðrum vinföngum, þar með töldum bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar, svo og af súrum berjasafa (súrsaft) — 1,00 — — —
5. Af bitter-vökva (bitteressents, elixír og þvl.) . . . — 1,00 — — — pela eða minni ilátum. Eftir sama hlutfalli skal greiða toll, sé varan aðflutti stærri ilátum.
Séu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2, 3 og 4, fluttar í ilátum, sem rúma minna en pott, skal greiða sama gjald af hverjum 3 pelum, sem af potti í stærri ilátum.
6. Af tóbaki alls konar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki kr. 1,00 af hverju pundi.
7. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigaretum) . . . — 2,60 — — —
Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósum, sem þær seljast í.
Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalda, og notuð eru eingöngu til fjárböðunar, eru undanþegin aðflutningsgjaldi.
8. Af óbrendu kaffi og kaffibæti alls konar . . . 13 aura af hverju pundi.
9. Af alls konar brendu kaffi 18 — — —
10. Af sykri og sirópi 6½ eyri — — —
11. Af tegrasi 50 aura — — —
12. Af súkkulaði 25 — — —
13. Af kakaódufti 13 — — —
14. Af öllum brjóstykurs- og konfekt-tegundum . . . 40 — — —

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feld 1. gr. 1—14 í toll-lögum fyrir Ísland frá 8. nóv. 1901 og 1. gr. í lögum 31. júlí 1907 um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905 og skipun millipinganeftar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Þó skal greiða aðflutningsgjald það, er ræðir um í lögum þessum, af vörum þeim, er flytjast til landsins eftir þann dag, sem þau eru afgreidd frá alþingi, 12. marz 1909.